

Samþykkt Samiðnar 12. til 13. okt. 2007 um vanvirðingu atvinnurekenda á starfsréttindum

Kjaramálaráðstefna Samiðnar mótmælir siðlausu framferði atvinnurekenda gagnvart starfsréttindum iðnaðarmanna. Í blindri gróðahyggju hafa atvinnurekendur þverbrotið íslenska iðnlöggjöf og ráðið til sín mikinn fjölda af ómenntuðu starfsfólki í störf sem krefjast 4 ára menntunar. Þrátt fyrir mikinn fjölda erlendra starfsmanna sem ráðnir hafa verið til starfa m.a. í byggingaiðnaði á lægri launum en þekkist meðal íslenskra iðnarmanna, hefur nýtt íbúðarhúsnæði hækkað gríðarlega í verði á liðnum misserum.

Afleiðingarnar koma fram í minnkandi gæðum og auknum vörusvikum sem neytendur eru látnir borga. Með þessu framferði eru atvinnurekendur að grafa undan verkmenntun og lækka gæðakröfur. Það er í algjöri andstöðu við framtíðarsýn atvinnulífsins þar sem lögð er áhersla á verkmenntun í fremstu röð og hágæðavöru. Ef þessi þróun heldur áfram sem horfir mun samkeppnisstaða íslensks iðnaðar stór versna og um leið munu kjör starfsfólks verða lakari en nú þekkist.

Kjaramálaráðstefna Samiðnar krefst þess að stjórnvöld, samtök atvinnurekenda og samtök launafólks í iðnaði taki höndum saman og snúi þessari þróun við og tryggi að íslenskur iðnaður verði áfram í fremstu röð.